



BOLUNGARVÍK

**Viðbragðsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar
vegna COVID-19 faraldursins**

31. mars 2020

Útgáfa 6,0

Vegna COVID-19 faraldursins verður starfsemi og þjónusta sveitarfélagsins með breyttu sniði næstu fjórar vikur. Allt skipulag sveitarfélagsins miðast að því að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum yfirvalda [um takmörkun á samkomum vegna farsóttar](#), [um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar](#) og vegna [hertra takmarkana á samkomum](#) frá og með 24. mars 2020. Takmarkanir gilda frá og með 16. mars 2020 kl. 00:01 til og með 12. apríl 2020 kl. 23:59.

Fólk sem finnur til einkenna á að halda sig heima og hafa samband við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í síma 450 4500. Tekin eru sýni alla virka daga á Ísafirði kl. 10-11, en fyrst þarf að fá samband við lækni.

Breytingar á starfsemi sveitarfélagsins gætu orðið með litlum fyrirvara og verða þá tilkynntar á [vefsíðu sveitarfélagsins](#) eða [samfélagsmiðlum](#).

Ef starfsmaður kemur erlendis frá á tímabilinu er brýnt að hann láti forstöðumann sinn vita og fái leyfi til að mæta til vinnu. Einnig eru starfsmenn beðnir um að upplýsa forstöðumenn um ef nákomnir ættingjar eru að koma erlendis frá.

Mikilvægt er að starfsmenn sveitarfélagsins gæti sérstaklega að sóttreinsun símtækja.

Fólk sem finnur til einkenna á að halda sig heima og hafa samband við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í síma 450 4500. Tekin eru sýni alla virka daga á Ísafirði kl. 10-11, en fyrst þarf að fá samband við lækni.

Félagsstarf aldraðra

Félagsstarf aldraðra fellur niður á tímabilinu.

Hafnarvog

Heimsóknir eru bannaðar. Einungis starfsmönnum hafnarinnar er heimilt að nýta húsnæði hafnarvogar á tímabilinu.

Félagsmiðstöðin Tópaz

Ákveðið hefur verið að loka félagsmiðstöðinni í samræmi við tilmæli heilbrigðisráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að hlé verði gert á öllu íþróttá- og æskulýðsstarfi barna og ungmenna, sem felur í sér blöndun hópa, nálægð við aðra og snertingu, þar til takmörkun skólastarfs lýkur.

Félagsheimili Bolungarvíkur

Félagsheimili Bolungarvíkur verður lokað á tímabilinu frá og með 24. mars 2020.

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Náttúrugripasafn verður lokað á tímabilinu.

Sjóminjasafnið Ósvör

Sjóminjasafnið Ósvör verður lokað á tímabilinu.

Bókakaffi Bolungarvíkur

Bókakaffi verður lokað á tímabilinu frá og með 23. mars 2020.

Bæjarskrifstofa

Bæjarskrifstofa verður opin á hefðbundnum tíma með eftirfarandi takmörkunum.

- Heimsóknir eru bannaðar nema í anddyri þjónustumiðstöðvar.

- Gæta skal aðskilnaðar og að ekki séu fleiri en 8 manns í þjónustumiðstöð í einu.
- Aðskilnaðar verði gætt, m.a. með viðveru og fjarvinnu.
- Fundum verði fækkað og lögð áhersla á síma- eða fjarfundi.

Bæjarstjórn, nefndir og ráð

Allir fundir verða fjarfundir á tímabilinu.

Tónlistarskóli Bolungarvíkur

Kennsla í Tónlistarskóla Bolungarvíkur verður frá og með 24. mars 2020 eingöngu bundinn við fjarkennslu meðan á takmörkunum stendur.

Íþróttamiðstöðin Árbær

Íþróttamiðstöðin Árbær verður lokað á tímabilinu frá og með 24. mars 2020.

Frístundarúta

Ferðir frístundarútu verða felldar niður á tímabilinu frá og með 24. mars 2020.

Gámastöð

Engar takmarkanir eru gerðar á starfssemi gámastöðvar.

Áhaldahús

Engar takmarkanir eru gerðar á starfssemi áhaldahúss.

Slökkvilið Bolungarvíkur

Engar takmarkanir eru gerðar á starfssemi slökkviliðs.

Leikskólinn Glæðheimar

Leikskólinn Glæðheimar verður opinn á hefðbundnum tíma með eftirfarandi takmörkunum.

- Grásteinn lokar kl. 16:15 á tímabilinu.
- Heimsóknir eru bannaðar.
- Foreldrar eða forráðamenn mega skila og sækja í anddyri en er að öðru leyti bannaður aðgangur að skólanum.

- Aðgangur að leikskólanum er takmarkaður við tvo fjölskyldumeðlimi og aðeins einn þeirra má koma í einu.
- Skólinn verður tvískiptur og fullur aðskilnaður verður á milli deilda.
- Kennurum er heimilt að sinna undirbúningi heima.
- Matur verður skammtaður í eldhúsi.
- Starfsmenn leitast við að halda sínu starfssvæði hreinu.

Grunnskóli Bolungarvíkur

Nemendur á miðstigi og unglingastigi og umsjónarkennarar þeirra fara í úrvinnslusóttkví frá og með 1. apríl 2020. Þeir sem eru í úrvinnslusóttkví skulu fara að sömu fyrirmælum og þeir sem eru í heimasóttkví.

Nemendur og umsjónarkennarar kynni sér eftirfarandi:

- [Sóttkví á auðskildu máli](#)
- [Sóttkví, hvernig virkar hún?](#)
- [Myndrænar leiðbeiningar vegna COVID-19](#)
- [Börn í sóttkví](#) – leiðbeiningar og tillögur til forráðamanna
- [Börn með sértækar umönnunarþarfir í sóttkví](#) – leiðbeiningar til forráðamanna
- [Gagnlegar upplýsingar um sóttkví og áhrif hennar á nemendur og starfsfólk skóla](#)
- [Leiðbeiningar fyrir almenning varðandi sóttkví í heimahúsi](#)
- [Leiðbeiningar og upplýsingar fyrir foreldra og skólastjórnendur](#)
- [Upplýsingar fyrir börn og ungmenni](#)
- [Halló - Ég er vírus og systkini mín eru kvef og flensa](#), efni fyrir börn
- [Veirubókin fyrir íslensk börn](#)

Starfsfólk skólans er hvatt til þess að gæta að smitleiðum og gæta varúðar í samskiptum við þá sem ekki koma að skólastarfi.

Starfssemi Grunnskóla Bolungarvíkur verður takmörkuð með eftirfarandi hætti.

- Kennsla fer fram í skólanum frá kl. 08:00 til kl. 12:35.
- Mætingartímum verður skipt niður á bekki.
- Heimsóknir eru bannaðar.
- Foreldrar eða forráðamenn fylgja börnum að skóla en komi ekki inn.
- Skipting á milli nemendahópa verður með eftirfarandi hætti.
 - Yngsta stig: 1., 2., 3. og 4. bekkur.

- Kennsla á miðstigi, 5., 6. og 7 bekkur, og unglingsstigi, 8., 9. og 10. bekkur, fellur niður að kröfu aðgerðarstjórnar almannavarnarnefndar á Vestfjörðum frá og með 1. apríl 2020.
- Kennarar og aðrir starfsmenn dreifast niður á ákveðna hópa.
- Kennarar sjá til þess að nemendur þvoi sér um hendur áður en farið er úr stofu.
- Aðskilnaði verður haldið í frímínútum.
- Hefðbundin list- og verkgreinakennsla fellur niður.
- List- og verkgreinakennarar mega koma í bekkjarstofu og halda tíma.
- Hefðbundin íþróttakennsla fellur niður, bæði í sal og í sundi.
- Íþróttakennarar mega koma í bekkjarstofu og halda tíma eða fara með hóp út úr skólanum.
- Kennt verður í fjarkennslu þegar það á við.
- Valgreinar falla niður.
- Heilsuskólinn verður ekki í boði þar til annað er ákveðið.
- Dægradvöl verður opin frá kl. 12:30 til kl. 16:00 fyrir 1. og 2. bekk þar til annað er ákveðið.
- Aðskilnaði verður haldið í mötuneyti.
- Hádegismatur byrjar kl. 11:00 og lýkur kl. 12:30.
- Starfsmenn eldhúss skammta á diska.
- Yngsta stig fær graut og ávexti í bekkjarstofu.
- Allir bekkir koma í mötuneyti í mat samkvæmt skiptingu.
- Skriffæri á hvert borð – allir með sitt.
- Sófar, fótboltaspil, spilastokkar, taflmenn og flr. verður fjarlægt úr almennu rými.
- Einum bekk verður hleypt út í einu frá hverju anddyri.
- Fjöldi starfsmanna á kaffistofu kennara verði takmarkaður við 15 manns.
- Allir starfsmenn þvoi sér um hendur áður en þeir fara inn í kaffistofu eða kennslustofu.
- Kennurum er heimilt að sinna undirbúningi heima.
- Fundir kennara verði eftir hádegi og hvert teymi eða stig kemur sér saman um fundarleið, dreifingu í stofu eða fjarfundi.

Ræsting allra stofnana Bolungarvíkurkaupstaðar

Daglega þarf að strjúka með sápuvatni eða sótthreinsiefni í klút yfir:

- hurðahúna,

- hurðalæsingar,
- ljósarofa,
- handrið,
- lyftuhnappa,
- snertiskjái,
- lyklaborð,
- tölvumýs og
- vaska í skólastofum.

Að öðru leyti verði þrif með hefðbundnum hætti.